



Leiðbeiningar Þjóðminjasafns Íslands um skráningu gripa

Miðað er við að skráð sé í menningarsögulegagagnasafnið Sarp.

Safnnúmer A/B

- Öll aðföng (munir, myndir, skjöl o.fl.) Eru skráð og auðkennd með safnnúmeri. Gjarnan er talað annað hvort um A- eða B-númerakerfi.
- A-númerakerfið gildir þegar aðföng fá raðnúmer frá 1 og áfram í safnskrá. A-númer er því aðeins einn liður en í vissum tilfellum heyra fleiri en eitt aðfang saman með einhverjum hætti saman og þá er mögulegt að skrásetja t.d. 1a, 1b og 1c.
- B-númerakerfið er byggt upp af fleirum en einum lið, þ.e.
- Liður 1: Ártal, sem stendur fyrir það ár sem aðfang kemur til safns og skráður hefur verið á dagsetningu í aðfangabók.
- Liður 2: Gefur til kynna þá röð, sem aðföng eru skráð í safn. Safnnúmerið 2013 – 4 þýðir fjórða færsla á árinu 2013. Í hverri færslu (færsla vísar til aðfangabókar) geta verið 1 eða fleiri aðföng. Aðföngin geta skipt tugum.
- Liður 3: Síðasti liður númersins gefur til kynna röðina sem aðfang er skráð.
- Safnnúmerin 2013 – 4– 1; 2013 – 4– 2 og 2013 – 4– 3
- Gefa til kynna að í fjórðu færslu í aðfangabók árið 2013 voru 3 aðföng.

Komudagur: Dagsetning sem aðfang berst til safns eða þess er aflað til safnsins. Dæmi 1.3. 2013

Efnisorð/Heiti: Hér skal skrá viðeigandi efnisorð, þ.e. Tilvísun til viðurkennds flokkunarkerfis.

Fjöldi: Stundum eru tvö eða fleiri aðföng skráð á sama safnnúmerið. Slíkt á helst við um smágripi sem eru eins eða áþekkir. Dæmi: Þvottaklemmur. Gildið 1 er sjálfgefið hér en hægt að breyta því.

Brot: Stundum er aðfangið í nokkrum brotum. Það er sá fjöldi sem hér á að skrá.

Myndefni: Lýsa skal myndefni sem prýðir aðfang. Á sérstaklega við um myndir, málverk eða t.d. Kirkjugripi. Flokkað skal eftir viðurkenndu flokkunarkerfi og/eða efnisorðatöflu. T.d. Jesúsbarnið, Kvöldmáltíðin o.s.frv.

Titill: Þegar aðfang ber ákveðið heiti sem þekkt er svo sem Þórslíkneskið eða Valþjófsstaðahurðin. Hefur stundum verið talað um sérheiti í þessu sambandi.

Efni: Hér er átt við efni sem gripurinn er gerður úr. Plast, gler, járn o.s.frv. Sótt í staðlaðan tækniorðalista. Það er gert að tryggja samræmi.

Tækni: Hér er átt við efni sem aðfangið er unnið með. Járnsníði, trésmíði, steypa, þrjónaður, heklaður o.s.frv. Sótt í staðlaðan tækniorðalista. Það er gert að tryggja samræmi.

Gerð (á við um ljósmyndir): Filma, þurrnegatíf, lit eða svart/hvít, pósítív eða negatív. Sótt í staðlaðan tækniorðalista. Það er gert að tryggja samræmi.

Stærð: Skrá skal stærsta utanmál aðfangsins og er miðað við þrjú meginmál. Skrá ber tölugildi. Stærðartilgreining í cm. Ef ástæða þykir til að greina frá ítarlegri málum skal skrá þau í

lýsingarreit. Sé fleiri en eitt aðfang með mismunandi mál skráð saman þarf að skrá stærð þeirra í lýsingarreit.

Vigt: Þegar við verður komið ætti að mæla þyngd hvers aðfangs og skrá hana með tölugildum.

Aldur: Skrá skal svo nákvæmlega sem auðið er síðan hvenær aðfang er. Nákvæmt ártal er skráð þegar það er hægt og á við. Framleiðsluár eða það ár sem aðfang var búið til. Í lýsingu þarf helst að segja til um notkunartíma.

Ástand: Sé skráð í Sarp er valið úr fellilista í samræmi við ástand aðfangs. Annars skal skrá ástand aðfanga með samræmdri orðanotkun. Gefa til kynna hvort gripur er í góðu og tryggu ástandi eða sé viðkvæmur og þurfi þess vegna sérstaka meðhöndlun og vanda beri til vistunar hans. Mælt er með að nota t.d. Gott, slæmt, þarfnast forvörslu, þarfnast sérstakrar meðferðar.

Staða skráningar: Gerð er grein fyrir á hvaða stigi skráning hvers aðfangs er.

Forskráning: Lágmarksupplýsingar sem skráðar eru þegar fært er í fyrsta skipti í skráningakerfi. Getur verið gert samhliða aðfangabókarfærslu. Þá er skráð t.d. Heiti, númer, komudag og gefanda.

Grunnskráning: Tiltækar upplýsingar, umfram það sem sett er inn við forskráningu, um viðkomandi aðfang, t.d. Um staðsetningu, tegund, efni, stærð, svæði o.fl. Sé t.d. Miðað við muni og/eða jarðfundi.

Ítarskráning: Skráning sérfræðings sem bætt hefur við ýmsum ítarupplýsingum um aðfangið.

Í vinnslu: Skráning er í vinnslu en er ekki lokið.

- Í endurskoðun: Verið er að endurskoða upplýsingar á grunnskráningu.
- Lokið: Endurskoðun skráningar er lokið.
- Óskilgreint: Ekki hefur þykir ástæða til að skilgreina stöðu skráningar.

Staður/Gata: Hér skal skrá bæinn/götuheitið og húsnumér (hús í þéttbýli og fyrirtæki) sem aðfang kom frá eða tengist með einhverjum hætti. Bæjarheitið/götuheitið og númerið þarf að sækja í staðla lista, sem tengjast landskerfi.

- Að jafnaði er aðeins ein staðsetning skráð en hægt er að skrá fleiri ef nauðsyn krefur.
- Að jafnaði er miðað við þann stað (bæ, hús í þéttbýli, byggð, sveitarfélag sýslu eða land) sem aðfangið kom frá til safnsins, þar sem það var síðast í notkun eða tengist einkum.
- Byggðah./Annað: Sé ekki nákvæmari staðsetning en einhver byggð (þ.e. Sveitarheiti, heiti á þéttbýliskjarna, þorpi, kaupstað eða hverfi í þéttbýli).
- Að jafnaði er miðað við þann stað (bæ, hús í þéttbýli, byggð, sveitarfélag sýslu eða land) sem aðfangið kom frá til safnsins, þar sem það var síðast í notkun eða tengist einkum.
- Sveitarf. 1950: Sé ekki nákvæmari staðsetning en eitthvert eldra sveitarfélag (hreppur) þekkt skaltu smella á Sveitarfélag 1950 og velja heitið sem við á og birtist þá núverandi sveitarfélag og sýsla sjálfvirk. Í þeim tilfellum sem söfn nota ekki Sarp þá er eðlilegt að benda á hvernig haldið er utan um landfræðilegar upplýsingar og skráningarreiti í Sarpi. Sjá sarpur.is
- Núv. sveitarfélag: Mikilvægt varðandi byggða- og minjasöfn að notuð séu gildandi heiti sveitarfélaga í samræmi við Samband íslenskra sveitarfélaga. Fyrirliggjandi er staðlað í landskerfi. Í þeim tilfellum sem söfn nota ekki Sarp þá er eðlilegt að benda á hvernig haldið er utan um landfræðilegar upplýsingar og skráningarreiti í Sarpi. Sjá sarpur.is

- **Sýsla:** Skrá upplýsingar um sýsluheiti. Í þeim tilfellum sem söfn nota ekki Sarp þá er eðlilegt að benda á hvernig haldið er utan um landfræðilegar upplýsingar og skráningarreiti í Sarpi. Sjá sarpur.is

- **Land:** Þjóðríki. Í þeim tilfellum sem söfn nota ekki Sarp þá er eðlilegt að benda á hvernig haldið er utan um landfræðilegar upplýsingar og skráningarreiti í Sarpi. Sjá sarpur.is

Hlutinn gerði/Höfundur: Skráð er nafn þess sem bjó aðfangið til eða framleiddi það ef það er vitað. Það á því að skrá í þennan reit annað hvort nafn einstaklings eða fyrirtækis, innlent eða erlent. Hægt er að skrá fleiri en eitt nafn í reitinn ef það á við. Til að tryggja sem réttasta meðferð persónuupplýsingar þarf skráningakerfi að vera tengt þjóðskrá og kennitölur tengdar við kerfið. Ráðlagt er að nöfn séu sótt úr bakliggjandi nafnaskrá.

Finnandi: Skráð er nafn þess sem fann aðfangið sé það vitað. Það á því að skrá annað hvort nafn einstaklings eða fyrirtækis, innlent eða erlent. Hægt er að skrá fleiri en eitt nafn í reitinn ef það á við. Til að tryggja sem réttasta meðferð persónuupplýsingar þarf skráningakerfi að vera tengt þjóðskrá og kennitölur tengdar við kerfið. Ráðlagt er að nöfn séu sótt úr bakliggjandi nafnaskrá.

Gefandi: Skráð er nafn þess sem gaf aðfangið til safnsins. Það á því að skrá annað hvort nafn einstaklings eða fyrirtækis, innlent eða erlent. Hægt er að skrá fleiri en eitt nafn í reitinn ef það á við. Til að tryggja sem réttasta meðferð persónuupplýsingar þarf skráningakerfi að vera tengt þjóðskrá og kennitölur tengdar við kerfið. Ráðlagt er að nöfn séu sótt úr bakliggjandi nafnaskrá.

Afhendandi: Skráð er nafn þess sem afhenti aðfangið til safnsins. Það á því að skrá annað hvort nafn einstaklings eða fyrirtækis, innlent eða erlent. Hægt er að skrá fleiri en eitt nafn í reitinn ef það á við. Til að tryggja sem réttasta meðferð persónuupplýsingar þarf skráningakerfi að vera tengt þjóðskrá og kennitölur tengdar við kerfið. Ráðlagt er að nöfn séu sótt úr bakliggjandi nafnaskrá.

Seljandi: Skráð er nafn þess sem seldi aðfangið til safnsins. Það á því að skrá annað hvort nafn einstaklings eða fyrirtækis, innlent eða erlent. Hægt er að skrá fleiri en eitt nafn í reitinn ef það á við. Til að tryggja sem réttasta meðferð persónuupplýsingar þarf skráningakerfi að vera tengt þjóðskrá og kennitölur tengdar við kerfið. Ráðlagt er að nöfn séu sótt úr bakliggjandi nafnaskrá.

Notandi: Skráð er nafn þess sem átti og/eða notaði aðfangið. Það á því að skrá annað hvort nafn einstaklings eða fyrirtækis, innlent eða erlent. Hægt er að skrá fleiri en eitt nafn í reitinn ef það á við. Til að tryggja sem réttasta meðferð persónuupplýsingar þarf skráningakerfi að vera tengt þjóðskrá og kennitölur tengdar við kerfið. Ráðlagt er að nöfn séu sótt úr bakliggjandi nafnaskrá.

Varðv.staður: Skráðar eru upplýsingar um hvar aðfangið er varðveitt, t.d. Númer geymslu eða sýningarsalar. Geymsluskrá.

Skráningaraðilar: Nafn þess sem skráir upplýsingar um aðfang, lýsir og skrifar texta um aðfangið.

Skráningardagsetning: Dagsetning skráningarvinnunnar. Oft önnur en komudagur til safns.

Innsláttaraðilar: Skráð er nafn þess sem færir skráningu úr aðfangabók og safnar saman fyrirbyggjandi gögnum frá skrásetjurum og slær inn á tölvutækt form í skráningarkerfið, Sarp eða annað viðurkennt skráningakerfi.

Innsláttardagsetning: Dagsetning þegar innsláttur fer fram.

Lýsing: Aðfanginu er lýst og helstu upplýsingar um það og upplýsingar sem því fylgja.

- Lýsing aðfangs í hnitmiðuðu máli.
- Nákvæmt mál eða þyngd ef nauðsynlegt þykir umfram það sem skráð er staðlaða reiti.
- Upplýsingar um hlutverk og/eða notkun.
- Upplýsingar um feril og/eða sögu aðfangsins.
- Við nýskráningu skal að jafnaði leitast við að byggja upp texta í þessum reit sem hér segir og í þessari röð:
- Textar úr safnskrám
- Handritaðar upplýsingar úr gömlum safnskrám skulu slegnar inn hér og miðað við að það sé gert stafrétt og orðrétt. Mælt er með því að augljósar stafsetningarvillur séu leiðréttar. Slíkt getur þó verið vandasamt og ekki má flana að neinu í því sambandi og nauðsynlegt að sá sem tekur sér slíkt verk fyrir hendur hafi góða þekkingu á réttritun og málfari almennt. Innsláttaraðilar skulu lesa innsleginn texta einu sinni yfir til að koma í veg fyrir ásláttarvillur og önnur innsláttarmistök. Hafa ber hugfast að handfærðar aðfangabækur og skrár eru frumgögn, sem standa ber vörð um að varðveita við örugg skilyrði.

Sýningartexti: Þessi reitur er fyrir texta sem unninn er upp úr yfirgripsmeiri texta eða lýsingu á aðfangi. Meitlaður texti sem hægt er að nota á sýningar eða vera opinn almenningi á netinu.

Heimildir: Fullkomnar bókfræðilegar upplýsingar ætti að skrá í heimildaskrána fyrir einstakar heimildir.

- Dæmi: Kristján Eldjárn. 2000. *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*. Reykjavík.
- Í tilvísunum er titill að jafnaði stytur.
- Dæmi: Kristján Eldjárn. 2000. *Kuml og haugfé*, bls. 20-30

Kaupverð: Skráð hafi gripur verið keyptur til safns.